

SAMSTARFSNEFND UM ENDURMENNTUN FRAMHALDSSKÓLAKENNARA; SEF

Ársskýrsla 2020

Hlutverk SEF er að ráðstafa því fé sem mennta- og menningarmálaráðuneytið úthlutar til endurmenntunar framhaldsskólakennara ár hvert. Nefndin fer yfir umsóknir og gerir tillögur um styrkveitingar. Nefndin mótar jafnframt stefnu sjóðsins, m.a. tegund verkefna sem styrkt eru og verklagsreglur.

Stjórn SEF árið 2020 skipuðu:

- Ásta María Reynisdóttir, fulltrúi menntamálaráðuneytis og formaður nefndarinnar.
- Guðjón Hreinn Hauksson, fulltrúi Kennarasambands Íslands.
- Kristinn Þorsteinsson, fulltrúi Skólameistarafélags Íslands
- Sólveig Kristjánsdóttir fulltrúi Félags framhaldsskólakennara.

Nefndin hélt þrjú fundi á árinu:

- 19. febrúar (nefndarfundur og úthlutunarfundur sumarnámskeiða)
- 30. október (nefndarfundur og úthlutunarfundur gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkja)
- 23. nóvember (nefndarfundur)

Starfsemi

Stjórn SEF ákvað að halda áfram að veita styrki til þriggja styrkjaflokka: sumarnámskeiða, gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkja og einingabærra námskeiða í háskólum fyrir kennara. Enn fremur bættist við námskeið á vegum SMÍ, KÍ og menntavísindasviðs Háskóla Íslands sem verður haldið 2021. Var það námskeið búið til vegna þeirra hindrana sem heimsfaraldurinn hafði í för með sér til endurmenntunar hjá kennurum. Umsóknarfrestur sumarnámskeiða var 3. febrúar og umsóknarfrestur gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkja var 8. október. Ekki var um eiginlegan umsóknarfrest að ræða í einingarbæra háskólanáminu en Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík sáu um skráningu nemenda sem og að innheimta styrki.

Umsýslu sjóðsins annaðist Skúli Leifsson, starfsmaður Rannís. Rannís sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfærði, upplýsingagjöf til umsækjenda, utanumhald funda stjórnar og greiðslur styrkja.

Fjárhagsuppgjör

Fjárhagsstaða sjóðs SEF 2020

Af fjárlagalið 42.000.000

Úthlutun

Sumarnámskeið alls 18.723.141

Af því var ferðakostnaður kennara af landsbyggðinni	1.451.000
Gestafyrirlestra- og ráðstefnustyrkir	9,280.000
Umsýsla Rannís	3.049.000
Einingabært nám í háskólum 2019-20	302.000
	<u>40.984.141</u>

Sumarnámskeið

Alls var ákveðið að úthluta til 25 sumarnámskeið á árinu 2020 og fyrir samtals 1693 kennara (mikill fjöldi kennara ræðst af því að inn í tölu eru stórar ráðstefnur). Af þeim fóru 12 fram en hinum var aflýst vegna Covid-19. Öll námskeið fóru fram hér á landi en engin erlendis að þessu sinni. Af þessum námskeiðum voru 8 haldin hjá EHÍ og 4 hjá öðrum bókhaldsskyldum stofnunum. Alls 354 kennarar sóttu þessi námskeið og var meðallengd þeirra rétt rúmlega 2 dagar. Þar sem svo mikið var um aflýst námskeið ákvað stjórn SEF að nota vannýtt fjármagn og bjóða 2-3 kennurum úr öllum framhaldsskólum landsins á námskeið um fjarnám og fjarkennslu sem haldið var af SMÍ, KÍ og menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Tafla 1. Sumarnámskeið innanlands

Námskeiðshaldari	Nafn – Fagfélag	Heiti eða lýsing námskeiðs	Úthlutun kr.	Lokagreiðsla m/ferðastyrk kr.
Endurmenntun HÍ	Félag raungreinakennara	<i>Verður og veðurfarsfræði</i>	766.750	947.970
Endurmenntun HÍ	Félag heimspekennara	<i>Samræður um persónulegar heimspekisurningar</i>	1.000.000	Aflýst
Endurmenntun HÍ	Samtök sálfræði- og uppeldisfræðikennara	<i>Fíkn ungmenna</i>	733.750	462.470
Endurmenntun HÍ	Félag sögukennara	<i>Nýjar kennsluaðferðir við sögukennslu</i>	712.000	823.200
Endurmenntun HÍ	Félag spænskukennara á Íslandi	<i>Kennsluhættir og tækni</i>	1.000.000	557.380
Endurmenntun HÍ	Félag íslenskra sérkennara	<i>Efling á hlustun, læsi og frásögn</i>	788.000	812.560

Endurmenntun HÍ	Félag hársnyrtikennara	<i>Þriggja daga námskeið á Selfossi</i>	1.000.000	650.465
Endurmenntun HÍ	Samtök móðurmálskennara	<i>Stuðningur við nemendur í munnlegri tjáningu</i>	788.300	853.040
Endurmenntun HÍ	FLÍF – Félag lífsleiknikennara í framhaldsskólum	<i>Sjálfstyrking kynjanna</i>	884.300	524.800
Félag dönskukennara	Félag dönskukennara	Vinnudagar í dönsku	430.000	Aflýst
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Fræðileg erindi og aðferðir	450.000	410.000
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Ráðstefna	1.000.000	Aflýst
Framvegs – miðstöð símenntunar	Félag náms- og starfsráðgjafa	Núvitund og jákvæð sálfræði	533.500	533.500
Kvennaskólinn í Reykjavík	Kvennaskólinn í Reykjavík	Efling starfsánægju	228.000	Aflýst
Landbúnaðarháskóli Íslands	Samtök líffræðikennara, Samlíf	<i>Matvælaframleiðsla og matvælaöryggi á Íslandi</i>	1.000.000	1.000.000
Landbúnaðarháskóli Íslands	FATEX	<i>Vinnsla ullar</i>	1.000.000	1.000.000
Menntaskólinn í Kópavogi	SKVOH - Samtök kennara í viðskipta- og hagfræðigreinum	<i>Leikir og sýndarveruleiki</i>	425.000	Aflýst
Skólameistarafélag Íslands	Skólameistarafélag Íslands	<i>Hæfni stjórnenda</i>	1.000.000	Aflýst
STÍL, Samtök tungumálakennara	STÍL, Samtök tungumálakennara	<i>Framtíð tungumála</i>	1.000.000	Aflýst
Tækniskólinn ehf.	FTK – félag tölvunar- og kerfisfræðikennara í framhaldsskólum	<i>Kennsluáðferðir og Java</i>	461.000	Aflýst
Verkmenntaskólinn á Austurlandi	Verkmenntaskólinn á Austurlandi	<i>Innri og ytri hvatning</i>	485.000	Aflýst

Verzlunarskóli Íslands ses.	3f – Félag um upplýsingatækni og menntun	<i>Gerð og notkun podcast</i>	974.000	Aflýst

Tafla 2. Sumarnámskeið erlendis

Land	Nafn - Fagfélag	Heiti námskeiðs	Úthlutun kr.	Styrkupp hæð
Ítalía	SLHF – Samtök list- og hönnunarkennara á framhaldsstigi	<i>Heimsókn í Foundation Castiglione, hönnunarsafnið Triennale og á Feneyjartvíæringinn</i>	1.500.000	Aflýst
N-Írland	Félag félagsfræðikennara í framhaldsskólum	<i>Uppbygging menntakerfisins og stjórnmalakerfisins í N-Írlandi og staða mála í dag.</i>	1.500.000	Aflýst
Kanada	Félag enskukennara á Íslandi	<i>Mismunandi leiðir til að kenna hlustun, ritun og munnlega tjáningu á ensku og enska málfræði.</i>	1.450.000	Aflýst

Gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkir

Um er að ræða tvenns konar styrki; annars vegar má veita faggreinafélögum og menntaskólum styrk til að senda mest tvo einstaklinga á ráðstefnu erlendis og hins vegar styrk sem nýta má í heimsókn gestafyrirlesara í félagið eða skólann. Ein umsóknarlota var að hausti og rann fresturinn út þann 8. október en styrktímabilið er frá 1. nóvember 2019 til 31. október 2020. Upphæð gestafyrirlesarastyrkja var 80.000 kr. og upphæð ráðstefnustyrkja var 250.000 kr. á mann.

Mikið var um aflýsingar ferða og fyrirlestra á árinu 2020 og hafði það greinileg áhrif á aðsókn fyrir tímabilið 2020 til 2021. 32 umsóknir bárust fyrir 16 gestafyrirlesara og 32 ráðstefnuþátttakendur. Heildarupphæð umsókna var kr. 9.280.000. Allar umsóknir sem bárust voru samþykktar þó nokkrum með þeim fyrirvara að nánari upplýsingar um fyrirlestur eða ráðstefnu yrðu veittar þegar nær atburðinum drægi. Eftirfarandi aðilar hlutu styrk:

Tafla 3. Gestafyrirlesara- og ráðstefnustyrkir 2019-2020

Fagfélag/Skóli	Tegund styrks	Styrkupphæð Úthlutað kr.
Félag enskukennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Félag félagsfræðikennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Félag frönskukennara	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Félag náms- og starfsráðgjafa	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Félag raungreinakennara	2 ráðstefnustyrkur og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	2 ráðstefnustyrkir	500.000
FLÍF – Félag lífsleiknikennara í framhaldsskólum	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Framhaldsskólinn á Laugum	2 ráðstefnustyrkir	500.000
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	1 gestafyrirlestur	80.000
Menntaskólinn að Laugarvatni	1 gestafyrirlestur	80.000

Menntaskólinn á Ísafirði	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Menntaskólinn í Reykjavík	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Menntaskólinn við Sund	2 ráðstefnustyrkur	580.000
Samtök líffræðikennara – Samlíf	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Samtök kennara í viðsk-/hagfrgr	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Samtök List/hönn.kenn/frhstigi	2 ráðstefnustyrkir	500.000
Samtök sálfræði- og uppeldisfræðikennara	2 ráðstefnustyrkur og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Verkmenntaskóli Austurlands	2 ráðstefnustyrkir og 1 gestafyrirlesarastyrkur	580.000
Verkmenntaskólinn á Akureyri	1 gestafyrirlesarastyrkur	80.000

Reykjavík 1. apríl 2021

Skúli Leifsson, Rannís